



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

641. stjórnarfundur þriðjudaginn 12. ágúst 2025 kl. 17:00.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, , Guðmundur Steinarsson, Jónína Steinunn Helgadóttir, og Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Stefán Guðjónsson, Garðar Örn Arnarson

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Helga Arnars, sviðsstjóra menntasviðs, um að Skólamatur mun flytjast yfir í Holtaskóla strax í haust.

3. Send bréf

Tölvupóstur sendur á Reykjanesbæ vegna skólastarfs næsta haust

4. Fundir með stjórnmalaflokkum sveitarfélagsins

Framkvæmdastjóri ásamt fjármálastjóra og íþróttastjóra héldu þrjá fundi með stærstu stjórnmalaflokkum sveitarfélagsins. Farið var yfir starf félagsins og aðstöðumál.

5. Rekstrarstjóri körfuknattleiksdeildar

Krístín Þórarinsdóttir hefur hafið störf sem nýr rekstrarstjóri körfuknattleiksdeildar.

6. Formannafundur

Var haldinn fimmtudaginn 5 júní sl og tókst mjög vel. Vel var mætt á fundinn og ýmis mál rædd.

7. Uppbygging íþróttamnnvirkja

Staðan er eiginlega sú sama. Verið er að búa til 3 sviðsmyndir sem vonandi verða kynntar fljótlega. JEES reiknar með að skila tillögu um áfangaskiptingu í þessari viku.

8. Starfsdagur Keflavíkur

Eva og Guðmundur eru búin að vera að skipuleggja þennan dag. Reiknað er með að halda hann í lok september. Verður auglýst þegar nær dregur

9. Íþróttahúsið á sunnubraut (Blue höllin)

Mikil vinna er búin að eiga sér stað um að Keflavík fái að taka yfir rekstri íþróttahússins.

10. Salur 1

Fs mun leigja sal 1 hjá okkur í vetur undir kennslu.

11. Fimleikar og Keilir

Stefnt er á að salurinn verði klár fyrir 25 ágúst nk.

12. Taekwondo

Taekwondo deildinni sárvantar keppniskerfið. Þau eru að stefna á að senda tvo keppendur á smáþjóðaleikana á næsta ári. Þessi kerfi eru alltaf að hækka og er kerfið komið í ca 7,5 milljónir. Deidin er klár með pening upp í kerfið. Deildin ætlar svo að halda nokkur námskeið á næstunni meðal annars í sjálfsvörnum fyrir konur og fl til að auka fjármagn inn í deildina.

13. Önnur mál

Keflavík

Keflavíkurmessa, verður haldinn sunnudaginn 28. sept. Aðalstjórn hvetur alla Keflavíkinga að mæta í messuna. Verður auglýst þegar nær dregur

Heiðarskóli, búið er að leggja nýtt parket á íþróttasalinn.

Þorablótsdót. Hugmynd að kaupa gám til að setja allt þorablótsdótið í til að auka rými í geymslum íþróttahússins.

Frísk í Reykjanesbæ 60 ára og eldri virðist vera sprenging í þáttöku á námskeiðinu. Búið er að óska eftir að fjölga um eitt námskeið hjá okkur og byrja þá kl 8:30 til 12:00. Námskeiðið verðu tvisvar í viku í Keflavík og tvisvar í viku í njarðvík. 4 hópar í Keflavík og tveir í njarðvík.

RKVN

Fundi lokið kl.

Næsti fundur verður þriðjudaginn

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.

